



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016-2017 01.02. 2017 7. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú hækkar sólin stöðugt á lofti og hefur fyrsti mánuður ársins kvatt okkur. Febrúar er genginn í garð og þá ber hæst hjá okkur árshátíð skólans sem verður dagana 9. og 10. febrúar. Æfingar eru komnar á fullt og má með sanni segja að þetta sé erilsamur tími í skólanum en vissulega skemmtilegur. Á síðasta skólaári breyttum við fyrirkomulagi árshátíðarinnar og gekk það vel þannig að við endurtökum leikinn í ár. Á heimasíðunni og hér aftur í bréfinu má sjá dagskrána þessa daga. Við vonumst að sjálfsögðu til að hitta alla í hátíðarskapi þessa daga.

Eins og fram hefur komið áður í fréttabréfi er verið að skoða innkeyrsluna í skólann og hvernig er hægt að leysa þennan umferðarhnút sem á það til að skapast hér á morgnana. Þetta er verið að skoða hjá bænum en það fyrsta sem við getum gert er að draga úr því að keyra nemendur í skólann.

Annars er allt gott að fréttu úr skólanum og má segja að tíminn líði hratt þessa dagana enda gerir hann það þegar mikið er um að vera!

Bestu kveðjur

Ólöf Inga

SMT

Ein af þeim aðferðum sem notaðar eru í SMT eru svokallaðir SET-listar (School-wide Evaluation Tool), en það er staðlaður spurningalisti sem hefur það að markmiði að meta hversu vel hefur gengið að innleiða SMT – skólafærni í skólanum. Listarnir eru lagðir fyrst fyrir áður en innleiðingin fer fram, síðan 6-12 vikum eftir að innleiðing hefst og eftir það í nóvember á hverju ári. Niðurstöðurnar eru notaðar til að endurskoða vinnuna, hvað þarf að bæta, t.d. ef nemendur þekkja ekki gildi skólans, starfsfólk hefur ekki kennt reglur, kennarar eru ekki sammála um hvað eru agavandamál og hvernig skuli vinna með þau ofl. SMT skólarnir á Akureyri meta hvorn annan þannig að Síðuskóli leggur listana fyrir í Oddeyrarskóla, Lundarskóli fer í Síðuskóla og Oddeyrarskóli fer í Lundarskóla. Fyrir skömmu komu tveir starfsmenn úr Lundarskóla og lögðu listana fyrir í Síðuskóla. Viðmælendur voru af öllum aldri, í ólíkum störfum og af báðum kynjum. Í fyrra náðum við 100% meðalskori sem þýðir að nær allir nemendur þekktu einkunnarorðin, allir aðspurðra þekktu til SMT stýrihópsins innan skólans, en hann skipa Ólöf skólastjóri, Sigurbjörg Bjarnadóttir sérkennari og Matthildur Stefánsdóttir sérkennari í sérdeild.

Við viljum minna foreldra og forráðamenn að hafa tímanlega samband við skólann séu nemendur veikir. Hægt er að hringja í ritara í síma 462-2588, einnig er hægt að skrá veikindi á mentor.is

Á döfinni í febrúar:

- | | |
|----------|----------------------------------|
| 3. feb. | Dagur strærðfræðinnar |
| 9. feb. | Árshátíð, kennsla til kl. 13:00. |
| 10. feb. | Árshátíð, engin kennsla |
| 20. feb. | Reykjaferð 7. bekkjar |
| 27. feb. | Bolludagur |
| 28. feb. | Sprengidagur |

Árshátíð Síðuskóla 2017

Árshátíð Síðuskóla verður haldinn fimmtudaginn 9. og föstudaginn 10. febrúar nk. Á fimmtudag hefst skóli klukkan 8:00 og stendur til um kl. 13:00. Athugið að 1. bekkur dvelur í skólanum fram að sýningu kl. 14:30 þennan dag sem þeir taka þátt í. Eldri nemendur ljúka skóla um hádegi en það getur verið aðeins breytilegt eftir því hvernig stendur á. Klukkan 14:30 hefst fyrsta foreldrasýning og þá tekur við dagskrá samkvæmt meðfylgjandi skipulagi. Á föstudag er ekki kennsla heldur mæta nemendur í skólann miðað við skipulag.

Fimmtudagur 9. febrúar



Sýning kl. 14:30 -15:30	
<u>Skemmtikraftar:</u> 7. SEB, 1.bekkur EBJ/RH/TS, 8. SJ, 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Boðið er upp á barnagæslu meðan á sýningum stendur. Enginn aðgangseyrir. Verð í kaffi 1500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning kl. 16:30 -17:30	
<u>Skemmtikraftar:</u> 3. bekkur KH/SÁ, 5.HGJ/HB, 8.SS, 10. bekkur.	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala fyrir og eftir sýningu. Boðið er upp á barnagæslu meðan á sýningum stendur. Enginn aðgangseyrir. Verð í kaffi 1500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning 19:30-20:30 Ball kl. 20:35 – 22:00	
<u>Skemmtikraftar</u> 5.HGJ/HB, 7. HL, 7. SEB, 8. SJ, 10.bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> 5.– 7. bekkingar Sýning og ball. Aðgangseyrir á ball: 500 kr. Sjoppa, tómstunda- og leikherbergi opin.

Föstudagur 10. febrúar



Sýning kl. 10:00 - 11:00 Ball 11:05 – 12:20	
<u>Skemmtikraftar</u> 4. MB/SES, 7. SEB, 8. SS, 7. HL 10.bekkur	<u>Árshátíðargestir</u> Nemendur 1.-4. bekkjar Enginn aðgangseyrir. Ball og sjoppa eftir sýningu. Tómstunda- og leikherbergi opin.
Sýning kl. 14:00-15:00	
<u>Skemmtikraftar</u> 7. HL, 4 MB/SES, 2.ASR/MBT, 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir</u> : Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Boðið er upp á barnagæslu meðan á sýningum stendur. Enginn aðgangseyrir. Verð í kaffi 1500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning kl. 17:00 – 18:30	
<u>Skemmtikraftar</u> : 8. SS, 8. SJ, 10. bekkur, Annáll, nemendagrín og skólagrín.	<u>Árshátíðargestir</u> : Nemendur 8.-10. bekkja og gestir þeirra. Enginn aðgangseyrir.
Ball kl. 20:30 – 23:30	
	Nemendur 8.-10. bekkja og aðrir ballgestir. Aðgangseyrir: 1500 kr. Kaffihús og sjoppa.



Samfélagsmiðlasamningur fyrir börn

Setja upp:

- Ég fæ leyfi foreldra minna áður en ég stofna aðgang að samfélagsmiðli á netinu.
- Ég leyfi foreldrum mínum að sjá aðgangsstillingar mínar og setja foreldrastillingar á alla samfélagsmiðla sem ég hef aðgang að.
- Ég læt foreldra mína fá aðgangsorð að öllum mínum síðum á samfélagsmiðlum.
- Ég læt engan annan en foreldra mína hafa aðgangsorðin mín að samfélagsmiðlum.
- Ég breyti ekki aðgangsorðum mínum nema með leyfi og vitund foreldra minna.

Deila:

- Ég birti ekki eða deili með neinum nafni mínu, heimilisfangi, skóla, áhugamálum eða öðrum persónulegum málum nema með leyfi foreldra minna.
- Ég birti ekki myndir af sjálfri mér eða deili þeim án leyfis foreldra minna.
- Ég birti ekki myndir af fjölskyldu minni eða vinum án þeirra leyfis.
- Ég birti ekki eða deili óviðeigandi myndum, myndböndum eða skrifum.

Háttsemi

- Ég hitti engan sem ég hef kynnst á samfélagsmiðli.
- Ég tek ekki þátt í rafrænu einelti t.d. að setja inn óvinsamleg ummæli um aðra, myndir eða myndbönd.
- Ég læt foreldra mína vita ef ég verð fyrir rafrænu einelti.
- Ég fer eftir fyrirmælum foreldra mína varðandi tíma sem ég eyði í tölvu.
- Ég geri mér grein fyrir því að það getur verið lögbrot að birta eða deila á netinu myndum eða texta af ákveðinni gerð.

Afleiðingar:

Ég skil áhættuna sem ég tek með því að fara ekki eftir því sem er hér að ofan:

1. _____
2. _____
3. _____

Ég _____ samþykki ofangreinda skilmála um notkun samfélagsmiðla. Ég skil einnig að foreldrar mínir setja þessi skilyrði vegna þess að þeir bera umhyggju fyrir mér og vilja að ekkert illt hendi mig.

Dags/Undirskrift _____

Eins og allir vita vinnum við í Síðuskóla eftir SMT skólafærni. og Markmið SMT er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Meðal þess sem við höfum gert í vetur var SMT vina- dagurinn sem við höldum í nóvember. Þar fóru eldri nemendur í heimsókn til yngri nemenda og spiluðu með þeim tvær kennslustundir, fóru í leiki í íþróttasalnum og fleira skemmtilegt var gert. Erfitt að sjá hvor hópurinn hafði meira gaman af, þau yngri að fá heimsókn frá eldri nemendum, eða þau eldri að spila með þeim yngri. Þetta heppnaðist einstaklega vel og er eitthvað sem örugglega verður endurtekið. Við látum hér nokkrar myndir fylgja með sem sýna stemmninguna þennan dag. Nánari upplýsingar um SMT skólafærni má finna á heimasíðu skólans, hér http://siduskoli.is/is/page/smt_skolafaerni



MATSEÐILL - febrúar 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1. Snitzel, st. kartöflur, rauðkál, baunir st. laukur	2. Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt, grænmeti, sósa, ávextir	3. Súpa, brauð, ávextir
6. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúg- brauð, ávextir	7. Soðnar kjöt- bollur, kartöflur, hvítkál, gulrætur, feiti	8. Pönnukökur m/ kjúklingi og salsasósu. Val nemenda	9. Árshátíð óákveðinn matseðill	10. Árshátíð
13. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	14. Steiktur kjöt- bollur, kartöflur, rauðkál, grænar baunir, sósa	15. Fiskur í ofni, kartöflur, salatbar	16. Pottréttur mango chutney, hrísgrjón, snittubrauð	17. Pasta, sósur, hvítlauksbrauð, ávextir
20. Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	21. Slátur, kartöflu- mús, ávextir	22. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	23. Píta m/hakki, grænmeti, sósa	24. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
27. Fiskibollur, kartöflur, grænmeti, steiktur laukur bolludagur	28. Svínakjöt í súr- sætri sósu, hrís- grjón, snittubrauð			